

Konrad Maurerferð í Stykkishólm og Helgellssveit

Stykkishólmur – Helgafell – Bjarnarhöfn – Kóngsbakki



Hvítabjarnarey – listaverk eftir Ingibjörgu H. Ágústsdóttur

Ferðaáætlun

Í fótspor Konrads Maurers 8. september 2019 Stykkishólmur – Stykkishólmskirkja (gamla) – Eldfjallasafnið – Norska húsið – Helgafell – Bjarnarhafnarkirkja – Kóngsbakki. Brottför kl. 08:00 frá Mörkinni 6, Reykjavík skrifstofu Ferðafélags Íslands

Klukkan	Keyrsla/stopp	
08:00	09:00	Ekið í Borgarnes um Leirársveit
09:00	00:15	WC/Hressing
09:15	10:30	Ekið í Stykkishólm
10:30	11:00	Gamla kirkjan heimsótt
11:00	12:45	Eldfjallasafn/Norska húsið
13:00	14:00	Hádegisverður
14:00	15:00	Helgafell
15:00	15:20	Ekið í Bjarnarhöfn
15:20	16:00	Bjarnarhafnarkirkja
16:00	16:15	Ekið til Kóngsbakka
16:15	17:00	Kóngsbakki
17:00	18:15	Ekið í Borgarnes
18:15	18:30	WC Borgarnes
18:30	19:30	Ekið til Reykjavíkur
19:30		Ferðalok

Akstur 350 km. Heildarlengd ferðar 11,5 klst. Aksturstími 6 klst. Dvalartími 5,5 klst.

Fararstjóri: Sigurjón Pétursson. Leiðsögumenn: Dr. Árni Björnsson, Jóhann J. Ólafsson og Eypór Benediktsson.

Sett hafa saman og útfært Jóhann J. Ólafsson og Sigurjón Pétursson. Ljósmyndir tók Sigurjón Pétursson nema annars sé getið. Kortagerð annaðist Guðmundur Ó. Ingvarsson. Árni Björnsson hefur lesið verkið yfir og komið með ýmsar góðar ábendingar. Honum er þakkað hans góða framlag.

Texti er úr ferðabók Konrads Maurers. Feitletraðan texta hefur Jóhann J. Ólafsson ritað. Allar neðanmálsgreinar eru úr íslensku útgáfunni af ferðabók Konrad Maurers Íslandsferð 1858 í þýðingu Baldurs Hafstað.

TANG & RIIS vinnustofa

Forsíðumynd þessa heftis Hvítabjarnarey er eftir Ingibjörgu Helgu Ágústsdóttur, dóttur Ágústs Sigurðssonar og Rakelar Olsen. Hún er listakona með vinnustofu í kjallara húss Tang & Riis og sker út myndverk byggð á íslenskum þjóðsögum.

Leiðakort



Leiðin til Stykkishólms

Á leið okkar í Borgarnes förum við framhjá Leirá sem er fornt höfuðból og prestsetur í Leirársveit. Um aldir sátu þar höfðingjar, ríkismenn og embættismenn.

Má þar nefna Árna Oddsson (1592-1665) lögmann, einn öflugasta baráttumann gegn einveldi Dana á Íslandi. Árni var á Kópavogsfundinum 1662 þegar Friðrik 3. var hylltur sem erfðaeinvaldur og mótmælti harðlega en skrifaði undir táfellandi.

Ævintýri líkust er þjóðsagan um Árna Oddsson er hann reið frá Vopnafirði til Þingvalla um Sprengisand á tveimur sólahringum (Þjóðsögur Jóns Árnasonar II. bindi bls. 124).

Jón Vigfússon (1643-1690) sat sem sýslumaður á Leirá 1668-84. Hann hlaut uppnefnið Bauka-Jón vegna meintrar verslunar með tóbak. Hann fékk samt konunglega uppreisn og var skipaður biskup á Hólum en átti í sífelldum brösum. Hann var tengdafaðir Jóns biskups Víðalin og Magnúsar Sigurðssona í Bræðratungu.

Þá má nefna sonarson Bauka-Jóns, Magnús Gíslason (1704-1766), sem fyrstur Íslendinga varð amtmaður 1757 og sat á Leirá þar til hann fluttist í nýreista Bessastaðastofu. Tengdarsonur hans Ólafur Stefánsson (1731-1812) tók við af honum og varð 1790 stiftamtmaður fyrstur Íslendinga. Hann andaðist í Viðey. Magnús Stephensen (1762-1833) dómstjóri sonur Ólafs og tilsjónarmaður Landsuppfræðingafélagsins flutti Hrapseyjarprent og leifarnar af Hólaprenti að bænum Leirárgörðum árið 1795. Vegna flóða í Leirá var prentsmiðjan flutt að Beitistöðum í sömu sveit 1815. Á Beitistöðum voru alls prentuð 15 rit en langtum fleiri í Leirárgörðum. Árið 1819 var prentsmiðjan tekin upp aftur og flutt til Viðeyjar. Ekki er vitað með vissu hvar prenthúsið stóð í Leirárgörðum.

Skáldið og sýslumaðurinn Jón Thoroddsen (1815-1868) sat á Leirá frá 1861 til dauðadags. Þar mun hann hafa skrifað skáldsöguna Mann og konu.

Ásgeir Ásgeirsson forseti Íslands

Merkur leiðtogi nær nútímanum Ásgeir Ásgeirsson (1894-1972) og forseti Íslands var fæddur í Kóranesi í Álftaneshreppi syðst á Mýrum 13. maí 1894. Foreldrar hans voru Ásgeir Eypórsson (1868-1942) og Jensína Björg Matthíasdóttir (1864-1928).

Ásgeir kom víða við í landsmálum á fyrri helmingi tuttugustu aldar. Hann lærði guðfræði en tók aldrei vígslu. Starfsferill hans varð mjög fjölbreyttur. Hann var alþingismaður Vestur-Ísfirðinga 1923-1952, kennari, fræðslumálastjóri, fjármálaráðherra, forsætisráðherra, forseti Alþingis og bankastjóri. Áberandi voru afskipti hans af fjármálum. Ásgeir vann mjög þýðingarmikið starf fyrir land og þjóð er hann var fulltrúi þjóðarinnar á ráðstefnu í Bretton Woods í Bandaríkjunum 1944. Þar voru Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðabankinn stofnaðir með þátttöku Íslendinga. Hann hafði glöggan skilning á þýðingu þessara stofnana og alþjóða viðskipta fyrir okkur Íslendinga.



Ásgeir Ásgeirsson.

Ásgeir var fyrsti forseti Íslands sem var kjörinn beint af þjóðinni árið 1952. Sveinn Björnsson hafði verið kjörinn af Alþingi 1944 og síðan endurkjörinn án mótframboðs 1948. Ásgeir var líka fyrstur til að ná kjöri í andstöðu við stærstu stjórnmálaflokka landsins, sem höfðu komið sér saman um annan frambjóðanda. Kjörorð stuðningsmanna Ásgeirs var: FÓLKID VELUR FORSETANN. Þetta endurtók sig með kjöri Kristjáns Eldjárns 1968 og Vigdísar Finnbogadóttur 1980.

Ásgeir Ásgeirsson hafði alla tíð verið hógvær, þrúður og kurteis mannasættir og því ekki eins umdeildur og aðrir frekari og herskárri stjórnmálamenn. Ef til vill lýsir lítil skrítila best þrúðmennsku hans og skopskyni. “Frægt er, þegar bóndi að vestan hitti fyrst Jónas (frá Hríflu) og síðan Ásgeir í Reykjavíkurför. Þegar Jónas barst í tal við Ásgeir, var hann sanngjarn í máli eins og hans var vandi. Bóndi mælti í undrunartón: “Það er fallett af þér að tala svona vingjarnlega um Jónas frá Hríflu, þar sem hann talar svo illa um þig”. Ásgeir svaraði alúðlega: “Ef til vill skjátlást okkur báðum””.

Gamla kirkjan í Stykkishólmi

Eftir komuna til Stykkishólms komum við saman í gömlu kirkjunni í Stykkishólmi (1878). Þar er altaristafla eftir Arngrím Gíslason (1829-1887) málara frá Gullbringu í Svarfaðardal. Þetta listaverk er gjöf Sörens Hjaltalín verslunarstjóra Clausensverslunar og kostaði á milli 100 og 200 krónur. Síðar í þessum bæklingi kemur fram hvernig ýmsir menn og hlutir tengjast saman.



Altaristafla Stykkishólmskirkju. Kirkjan byggð 1879.

Konrad Maurer kemur í Stykkishólm

Við vorum dauðuppgefnir þegar við komumst um tvöleytið til Stykkishólms, höfuðstaðar Vesturlands þar sem amtmaðurinn býr. En þá vorum við fljótir að taka gleði okkar. Hjá kaupmanninum Árna Thorlacius var tekið vel á móti okkur og búið um okkur í ágætasta herbergi. En áður en við komumst þangað kom amtmaðurinn Páll Melsteð óvænt í heimsókn. Hjá Árna bjó sýslumaðurinn Árni Thorsteinson, sonur Bjarna konferensráðs, og margt var því hægt að spjalla. Við heimsóttum líka Lind lækni og Jakobsen apótekara Vesturamtsins. Sá fyrrnefndi var álíka vel menntaður og hinn var illa menntaður. Loks heimsóttum við Benedikt Benediktsson,¹ fyrrverandi kaupmann, sem lengi hafði búið í Kaupmannahöfn. Allur dagurinn og kvöldið fór í þessar heimsóknir og ákveðið var að fresta til næsta dags ferð að þeim sögufræga þingstað á Þórsnesi, en þann stað hafði ég sérstakan hug á að sjá. Kaupskip lá búið í höfn og því var nú síðasta tækifæri að senda bréf til Kaupmannahafnar og þaðan heim. Ekki var um það að ræða að lengja dvölina um einn einasta dag vegna stefnumóts við Winkler, en ég átti líka eftir að koma við í Hrapsey á leiðinni til baka til að líta á merkilegt bókasafn.

1 [Benedikt Bogason Benedictsens "rúðumeistari".]



Helgafell. Þórólfur Mostrarskegg landnámsmaður trúði því að hann og frændur hans gengju í fjallið eftir dauða sinn.

Þriðjudagurinn 24. ágúst var bæði skemmtilegur og fróðlegur. Brottför skipsins sem taka átti bréf okkar kom reyndar í veg fyrir að gestgjafi okkar færi með okkur í ferðina af því að hann þurfti að afgreiða fjölda bréfa og sinna viðskiptaerindum. Þetta kom okkur illa því að hr. Thorlacius er óvenjuvel heima í fornum fræðum byggðar sinnar.²

En hann sá okkur ekki aðeins fyrir ágætum hestum heldur útvegaði hann okkur bæði vinsamlegan og fróðan leiðsögumann, son hins nafnkunna rektors, Sveinbjarnar Egilssonar, höfundar hinnar miklu Lexicon poeticum og margra annarra mikilla verka. Við fórum því þrír saman, Egill, Guðbrandur og ég og vorum í besta skapi. Leiðin var löng og víða þurfti að hafa viðdvöl. Vegurinn var auk þess ógreiðfær þar sem um mýrlendi og urðir var að fara. Þó gekk allt vel enda hestarnir þýðir. Fyrst fórum við í Nesvog sem skerst inn í landið sunnan við Stykkishólm og var hann á vinstri hönd. Síðan komum við í Hofstaðavog (Hofsvog) og riðum meðfram honum um hríð og höfðum hann á hægri hönd. Það hafði létt til eftir mikla rigningu um nóttina og gátum við því notið þessa indæla umhverfis.

Á vinstri hönd var hið fagra Helgafell. Það var sagt svo heilagt í heiðni að enginn mátti þangað óþveginn líta og ekki mátti aflífa þar nokkra skepnu. Landnámsmenn trúðu því að þeir gengju í fellið eftir dauða sinn ásamt öllu heimafolk sínu. Slík trú tengist einnig nokkrum öðrum fjöllum á landinu. Í þýskumþjóðsögum er svipað að finna um Karl keisara í Untersberg, Friðrik keisara Barbarossa í Kyffhäuser og aðrar hetjur sem hrifist hafa af fjöllum.

2

Hann hefur nýlega skrifað ágæta ritgerð um örnefni í Þórsnesþingi sem getið er um í Landnámu og Eyrbyggju. Safn til sögu Íslands II:277-296.



Friðrik rauðskeggur í helli sínum í Kyffhäuser.

“Landnámsmenn trúðu því að þeir gengu í fellið (Helgafell) eftir dauða sinn ásamt heimilsfólki sínu”. Síðan ekki söguna meir. Friðrik rauðskeggur (Friedrich Barbarossa) er talinn hafa gengið í fjallið Untersberg nálægt Berchtesgaden, en þar með er ekki sagan öll. Hann er talinn sofa í helli í fjallinu og rumska á 100 ára fresti. Þegar hann loks vaknar til fulls er það til að “endurreisa” hið þýsk- rómverska ríki þýskrar þjóðar” Grimmsbræður setja þjóðsöguna um Friðrik rauðskegg í Kyffhäuser í sagnasafni sínu.

Þegar áfram var haldið var Árnesborg á vinstri hönd og nokkrar aðrar klettaborgir. Brátt kom Hofstaðavatn í ljós og bærinn Hofstaðir sem er afar mikilvægur í sögulegu samhengi.

Um þann þingstað eru nú engar menjar, og má vera að ágangi sjávar sé að nokkru leyti um að kenna. Aðeins hefur örnefnið Dritsker haldist, og virðist sá staður hafa verið vel til síns brúks fallinn: hann er örskammt frá sjávarbakkanum en tengist landi, einnig á flóði þó að þá sé aðeins mjótt rif milli lands og skers. Utar við voginn, suðvestur af Hofstöðum og gegnt skerinu, var okkur bent á nes sem hét því gamla nafni Haugsnes. Þar er sagt að sé haugur Þórólfs Mostrarskeggs. En þessi Þórólfsaugur er ekki gerður af manna höndum. Það kom í ljós við uppgröft árið 1840 sem skáldið Jónas Hallgrímsson stóð fyrir. Sjálfir komumst við ekki að þessum stað. Það var byrjað að falla að og við ætluðum að ríða yfir voginn til að spara tíma og þurftum að hraða okkur.

Við stigum því á bak og fórum á brokki og valhoppi yfir grunnt vatnið. Síðan héldum við í vestur og riðum greitt yfir móa og mela. Við fórum yfir Stafá sem enn myndar landamerki, riðum síðan í flæðarmálinu því enn var aðfallið ekki orðið mikið. Nú komum við að Berserkjahrauni, sem er með afbrigðum úfið og nær í sjó fram.

Vegurinn sem berserkirnir eiga að hafa rutt er ennþá notaður og við riðum eftir honum góðan spöl. Garðinn sem þeir hlóðu má enn sjá og liggur hann þvert á veginn. Okkur var líka sýnd dysin þar sem þeir eiga að liggja og heitir Berserkjadys. Er hún í miðju hrauninu. Við höfðum þar stutta viðdvöl, virtum fyrir okkur hinar hrikalegu hraunmyndanir og tíndum nokkur bláber sem þarna voru. Við létum heldur ekki hjá líða að bæta nokkrum steinum á dys berserkjanna; þeir áttu það skilið, gömlu kapparnir sem rutt höfðu brautina um þessa ófæru. Kirkjan sem Styr lét reisa á bæ sínum eftir kristnitökuna er löngu horfin, en Kirkjuvöllur heitir enn landspilda í túninu.



Bjarnarhafnarkirkja byggð 1857.

Við héldum nú til baka en þó ekki sömu leið nema rétt fyrst. Við fórum í austurátt og stefndum að Vigrafirði eða Sauravogi eins og hann heitir núna. Svo riðum við meðfram firðinum og sáum þar Vigrasker en þar barðist Steinþór á Eyri við Þorbrandssyni úr Álftafirði skömmu fyrir jól árið 997. Jafnframt nutum við þess að horfa á svani sem léku listir sínar úti á firðinum. Við héldum í norðurátt að Munkaskarði. Þar eru fallegir kletthólar og er útsýni þaðan óvenju fagurt. Í norðri sjást fjöllin handan Breiðafjarðar, frá Skor að Reykjanesi, en nær eru eyjarnar. Í austri má sjá Dögurðarnes og Klofning ásamt öllum fjöllum handan Hvammsfjarðar en nær eru Dímunarklakkar, Hrappsey og ótölulegur fjöldi annarra eyja og skerja. Ef litið er í suðurátt frá austri til vesturs blasir við hið háa fjall Háskerðingur eða Straumsfell, síðan Langadalsfjöll og Grásteinsfjall, og loks Narfeyrarfell og mynda þau fallega línu. Þá tekur Álftafjörður við; í botni hans var okkur bent á haug Arnkels goða, eins mesta höfðingjans í heiðnum sið. Einnig er sagt að menjar séu um bæ hans, Bólstað. Ennþá nær okkur er svo Vigráfjörður. Beint í suðri eru tindótt og skínandi Drápuhlíðarfjöll. Þar er sögð vera tjörn þar sem fegurstu náttúrusteinar fljóti upp á Jónsmessunótt og búi þeir yfir miklum töframætti.³ Írafell, Valabjörg, Kerlingarfjall og Kerlingarskarð koma næst og þar taka við nokkrir minni tindar í suðvestri og þar enda hin breiðu Bjarnarhafnarfjöll. Við nutum lengi þessa stórbrotna útsýnis, og gaman var að láta segja sér sögur sem tengdust þessu svæði. Okkur var sagt að Munkaskarð drægi nafn sitt af því að ístrumikill munkur hefði ætlað að komast brott með fjársjóði klaustursins á Helgafelli og sprungið í

3 Isländische Volkssagen:180; Þjóðsögur Jóns Árnasonar I:648 [645].



Munkaskarð.

skarðinu af mæði. Aðrir segja reyndar að munkarnir á Helgafelli hafi á þessum stað þulið bölbænir yfir klaustrinu þegar þeir urðu að yfirgefa það við siðaskiptin.⁴

Um Nesvog var sagt að á honum hvíldu sömu álög og á Þorskafirði.⁵ Um þrjá hóla í nágrenni við voginn var sagt að upphaflega væru þeir brot af bjargi sem tröllkona sú er Kerlingarfjall er kennt við hefði varpað frá Kerlingarskarði að kirkjunni á Helgafelli.⁶ Þá var líka rætt um Fagrahól og sagt að auðævi klaustursins væru grafin undir honum. Eftir því sem sagan segir hafa sjónhverfingar af ýmsu tagi hindrað menn í að ná þessum fjársjóðum, og uppgröftur sem Egill stóð fyrir var líka árangurslaus.⁷

4 Isländische Volkssagen:214; Þjóðsögur Jóns Árnasonar II:70-71 [76].

5 Isländische Volkssagen:105; Þjóðsögur Jóns Árnasonar I:479 [463].

6 Isländische Volkssagen:51; Þjóðsögur Jóns Árnasonar I:208 [198]; þar eru nokkrar fleiri sögur af þessari tröllkonu.

7 Isländische Volkssagen:72; Þjóðsögur Jóns Árnaonar I:279 [268].



Bjargið sem tröllskessan henti út í Hvítbjarnarey.

Hvítbjarnarey

Frá Hvítbjarnarey er sagt í þjóðsögum Jóns Árnasonar I. bindi bls 197. “Hún dregur nafn sitt að þar kom hvítbjörn á land og lagðist í bás einn sunnan á eyinni sem er luktur háum hamrabjörgum allt í kring. Tröllkona var þar ein á landi uppi og segja menn að hún hafi átt heimkynni í Helgafelli og hefði það þá átt að vera áður en kristni var lögtekin hér á landi og kirkja reist á Helgafelli því tröll fyrst kristni og kirkjur. Tröllkonan varð þess vör að björninn var kominn í bás þann í eyni sem fyrr er nefndur og fór því ofan á Þingvallaborg sem er gegnt eyinni á landi og kastaði þaðan bjargi miklu er hún ætlaði að bangsa skyldi að bana verða. En svo vildi til að steinninn kom ofar en hún ætlaði og lenti í bjargbrúnunum fyrir ofan básinn og beggja vegna við hann, og liggur hann þar enn í dag yfir þveran básin, en björninn varð ómeiddur.” Seinni tíma men hafa tekið eftir að steinn sá er tröllskessan ætlaði birninum er úr sama efni og land í Kerlingarfjalli hjá Kerlingarskarði þar sem þjóðvegurinn lá áður en vegurinn um Vatnaleið var lagður.

Þegar við stigum á bak eftir langa viðdvöl varð ég fyrir óhappi. Á Íslandi eru hestar yfirleitt mjög lausgyrtir af því að menn telja að þeir séu viljugri þegar þannig er ástatt. Við venjulegar aðstæður veldur slíkt knapanum engum óþægindum að öðru leyti en því að hnakkurinn færir örlítið þegar stigið er á bak. Þetta henti mig nú, og þegar ég þrýsti fæti í hitt ístaðið til að rétta hnakkinn fældist hesturinn og þaut af stað. Áður en ég gat hamið hann hrasaði hann um stein og féll. Það hjálpaði mér nú að ég var laus í ístöðunum og flæktist því ekki í þeim, heldur hentist langar leiðir og lenti á grasbala. Hefði ég verið með ilina í ístaðinu eins og Íslendinga er háttur hefði illa farið, því hesturinn spratt strax á fætur og hefði dregið mig í ístaðinu yfir klungrið. En ég stóð hlæjandi upp og náði hestinum með hjálp félaga minna og þeysti nú á honum eftir grýtttri slóðinni. Við spauguðum um það að hesturinn hefði séð vofu belgmikla munksins í skarðinu enda var hann mjög órólegur lengi á eftir. Við riðum nú heim að bænum Helgafelli sem stendur í fallegum slakka sunnan undir fellinu sjálfu;

vestan við hann eru Fjóshólar en Klausturhólar austan við, en bærinn stendur við svonefnt Helgafellsvatn. Við báðum hér um mjólk að drekka enda ákaflega þyrstir. Síðan gengum við á Helgafell. Það er ekki hátt en stendur alveg út af fyrir sig og er mjög bratt til norðurs. Útsýnið þaðan er stórfenglegt. Til suðurs er svipað að sjá og frá Munkaskarði; þó sést héðan í mynni Kolgrafafjarðar vestan Bjarnarhafnarfjalla og handan hans í Eyrarfjöll. Til norðurs sést enn betur út á sjóinn en nær er votlendið sem Flæðarlækur bugðar sig eftir. Fjær eru lágir klettur og í norðaustri bærinn Þingvellir og vatnið Þingvallavatn.

Lengi nutum við tilkomumikils útsýnis en tíndum jafnframt upp í okkur krækiber sem nú voru orðin þroskuð (*Empetrum nigrum* samkvæmt því sem Oddur Hjaltalín segir). Þessi ber koma snemma við sögu því Jón biskup af Grænlandi hafði lært hjá Sverri konungi að gera úr þeim vín og breiddi þessa kunnáttu út á Íslandi. Árið 1203 á fyrsta berjavín á Íslandi að hafa verið bruggað undir leiðsögn hans.⁸ Loks kom að því að við gengjum niður fellið; riðum við síðan yfir foræðismýri og grýttar hæðir í átt að Þingvöllum. Á leiðinni sáum við tvo tignarlega erni sem settust skammt frá okkur þannig að við gátum skoðað þá vel. Við hefðum getað skotið þá með byssu úr hnakknum. Á Þingvöllum sat á þessum tíma Helgafellspresturinn, séra Ólafur Helgason Þórbekk.⁹ Hann tók vinsamlega á móti okkur og veitti okkur góðan beina, en við vorum svangir orðnir eftir langa reið. Hann sýndi okkur það sem markvert var í nágrenninu. Nafnið á bænum bendir til að þarna hafi verið þingstaður og beinast liggur við að álykta að hann hafi verið fluttur þangað eftir að þinghaldi var hætt í nágrenni við Hofstaði. Í túninu á Þingvöllum má sjá leifar margra þingbúða og er hluti þeirra norðan við litla vík sem gengur inn í landið rétt við bæinn (Þingvallavík). En hluti þeirra er sunnan við bæinn þar sem kotið Þingvallatangi var áður. Sunnan við bæinn í miðri mýrinni er steinn og er hann sagður vera gamli fórnarsteinninn sem á að hafa verið á þingstaðnum. En gamli dómhringurinn er sagður hafa verið á þeim stað þar sem bærinn á Þingvöllum stendur nú. Ég get ekki leynt því að ég dreg mjög í efa áreiðanleika þessara minja, og það gerir Guðbrandur líka en hann hefur þegar látið í ljós skoðanir sínar á prenti.¹⁰ Þar sem nýlega er búið að skrifa rækilega um þingstaðinn¹¹ mun ég nú reyna að rökstyðja efasemdir mínar. Fyrst skal tekið fram að nafnið Þingvellir bendir til þingstaðar. Það þekktist frá Þingvöllum við Öxará, en auk þess í ýmsum mállyskumyndum í Noregi, Svíþjóð, Hjaltlandi, Skotlandi og á eyinni Mön. Guðbrandur tekur reyndar fram að nafnið Þingvellir komi ekki fyrir í Eyrbyggju, heldur aðeins Þingskálanes við Vigrafjörð, alllangt frá Þingvöllum. Hann segir ekki vitað hve gamalt örnefnið sé og gæti það átt rætur að rekja til síðari tíma leiðarþings. Á móti má benda á að enda þótt mörg örnefni séu runnin frá leiðarþingum er ekkert þeirra Þingvöllur eða Þingvellir; talað er um Leiðvöll, Leiðarhólm o.s.frv. og þar með gerður greinarmunur á leið og þingi. Mér virðist auk þess óþarfi að gera ráð fyrir að Þingskálanes þurfi að hafa staðið alveg við þingstaðinn. Það nægði alveg að þingstaðurinn sæist frá nesinu þar sem þingmenn lentu skipum sínum. Ég geri því ráð fyrir að gamla þingstaðarins sé að leita hjá bænum Þingvöllum, einkum vegna þess að það kemur heim við þá frásögn Eyrbyggju¹² að þingstaðurinn hafi verið færður frá Hofstöðum "inn í nesit", og ber þá að hafa í huga að miðað er við Hofstaði. Fjöldi búðarústanna bendir líka til þess að þar hafi ekki aðeins verið haldið vorþing heldur einnig fjórðungsþing fyrir allt Vesturland. En það er svo önnur spurning hvar þingfundir og dómar hafa verið haldnir og hvar blótsteinninn hafi staðið. Og þarna virðast mér vegsummerki ótrygg.

8 Páls biskups saga:135; Íslenzkir annálar, anno 1203:84.

9 [Hér er átt við Ólaf Hjaltason Thorberg, föður Bergs landshöfðingja.]

10 Sjá útgáfu hans á Eyrbyggja sögu, bls. xix, nmgr. 2.

11 Grønlands historiske Mindes Mærker I:521-28; sbr. Árna Thorlacius:294-95.

12 Bls. 26 [18].



Herdísarflögur – Listaverk eftir Ingibjörgu H. Ágústsdóttur.

Herdís þessi var vinnukona í einni af Breiðafjarðareyjum. Dag einn fór hún í kaupstaðarferð inn í Hólm með nokkrum bændum úr eyjunum. Á leiðinni sigldu þau fram hjá skeri einu þar sem uxu falleg söl og var ákveðið að vinnukonan yrði eftir á skerinu til að tína þau þangað til að þeir kæmu til baka. Eitthvað virðist kaupstaðarferðin hafa dregist því háflóð var komið í bakaleiðinni og bæði skerið og Herdís vinnukona horfin.

Eggert Ólafsson, sem hlýtur að hafa þekkt svæðið vel og kunni sem mjög áhugasamur fornfræðingur að vega og meta réttarfarslegar minjar, lætur nægja að segja að menn viti enn um blótsteininn og að hann sé langur með hvassar brúnir. Hann getur þess ekki hvar steinninn sé eða hvort hann sé enn á upprunalegum stað og jarðfastur.¹³ Árið 1772 fór Uno von Troil til Íslands ásamt Banks og Solander; hann var líka vel menntaður í sagnfræði. Hann minnst ekki á Þingvelli eða blótsteininn þegar hann

13 Hann ferðaðist á árunum 1752-57. Ferðasagan birtist ekki fyrr en 1772 að höfundu látnum (d. 1768).

telur upp minjar frá fornöld.¹⁴ Hooker sem kom til Íslands árið 1809 ruglar Helgafelli saman við samnefnt fell á Suðurnesjum. Og Mackenzie, sem kom ári seinna til Íslands, kom að Helgafelli en minnst ekki á þing- eða blótstað. Árið 1815 kom Henderson. Hann fann strax búðaleifarnar. En lengi leitaði hann árangurslaust að blótsteininum. Þegar hann loks taldi sig hafa fundið hann í miðri mýrinni umkringdan af hring hálfsockinna steina, dómhringnum eins og hann sagði, þá er greinilegt af frásögn hans¹⁵ að það var ekki með aðstoð heimamanna. Finnur Magnússon, sem fór þarna um árið 1812 í fylgd Jóns Kolbeinssonar kaupmanns og telur sig hafa séð blótsteininn og leifar af steinahring, skrifar ekkert um þetta fyrr en 1838 og þá eftir minni. Séra Gísli Ólafsson aðstoðarprestur á Helgafelli skrifaði fornminjanefnd í Kaupmannahöfn árið 1817 að einungis litlar leifar væru af dómhringnum af því að steinarnir væru sokknir í mýrarfen og því væri ekki unnt að segja til um stærð þeirra; en "stóra bjargið í nágrenninu", sem kallað væri blótsteininn, væri rautt á yfirborðinu. Um svipað leyti sendi Oddur Hjaltalín læknir á Vesturlandi sömu nefnd skýrslu, en þar sem hann var um þær mundir í stöðu landlæknis og bjó í Nesi við Reykjavík, skrifaði hann eftir minni. Hann nefnir steininn sem sagt er að notaður hafi verið við fórnir og segir að hann sé hálfsockinn í mýrina og sé auk þess kominn á hliðina en kringum hann sé hringur af steinum, að mestu sokkinn, og sé þvermál hans um 40 faðmar. Árið 1818 sendi sá fornfróði kaupmaður Bogi Benediktsson sömu nefnd skýrslu. Hann lýsir steininum í mýrinni nákvæmlega. En ekkert veit hann um steinahringinn í kring en getur þess til að hann sé sokkinn. Aftur á móti nefnir hann Þingvallaborg, hæð norðan við fyrrnefnda vík, og sé hún brött nema til vesturs. Þarna er sporöskjulaga steinhringur sem þegar á þessum tíma var hálfsockinn í jörð, og er hann aðskilinn með sams konar steinvegg frá öðrum hluta hæðarinnar og nefndur dómhringur. Sendandi gefur sjálfur í skyn að í seinni tíð kunni þetta allt að hafa verið notað sem fjárrétt og hafi þá verið breytt í því skyni. Hann var hvattur af nefndinni til að gera teikningar af staðháttum og bað hann Sæmund Hólm um að vinna það verk. En sá undarlegi maður gerði það illa og eftir því sem Bogi segir ónákvæmlega. Teikning frá Boga sjálfum var mjög óskýr.

Af þessum ólíku upplýsingum má sjá að óvissa ríkir um staðsetningu dómhringsins. Blótsteininn vilja allir setja í mýrina þar sem okkur var bent á hann. Henderson, Finnur og séra Gísli segja dómhringinn vera utan um hann, en Bogi staðsetur hann allt annars staðar, á Þingvallaborg. Aðrir segja, sbr. Árna Thorlacius,¹⁶ að dómhringurinn hafi verið þar sem bærinn Þingvellir stendur. Nú segir greinilega í Eyrbyggju: "Þar ser enn dómring þann er menn voro dæmder í til blótz. Í þeim ring stendr Þórssteinn er þeir menn voro brotner um er til blóta voru hafþer."¹⁷ Það getur því enginn vafi leikið á því að ef blótsteininn er sá rétti þá er dómhringurinn utan um hann en hvergi annars staðar. En þar sem heimildir greinir á um hringinn er ekki nokkur leið að treysta á að steinninn sé rétt staðsettur. Við Guðbrandur vorum því sammála um að steinninn, sem hafði engar hvassar brúnir, hefði aldrei verið notaður til fórna. Og jafnvel þótt steinninn hefði snúist um leið og hann seig í jörð leysti það engan vanda. Um hringinn gat enginn frætt okkur neitt og má því vel vera að það sem um hann hefur verið skrifað styðjist aðeins við grun einstakra fornfræðinga eins og Ebenezer Henderson segir. Þá var ekkert annað eftir en að gera tilraun til að mynda sér eigin skoðun um legu dómstaðarins og skal það nú gert.

Fyrir sunnan margnefndan vog teygir sig mjótt nes í sjó fram, og þar tel ég að dómþing hafi verið haldið. Yst á nesinu er dálítill hæð sem hefur getað hentað til að lýsa dómum, þ.e. sem þingbrekka. En innar breikkar nesið og þar hefur verið nóg rými fyrir 36 dómendur í sætum; þar tel ég að

14 Uno von Troil:189-91 [100-102].

15 Henderson II:80-81 [276].

16 Bls. 294.

17 Eyrbyggja:26 [18].

dómhringurinn hafi verið. Greinilegar leifar voru þarna eftir garð sem afmarkað hefur nesið frá landinu fyrir innan og hlíft dómendum fyrir átroðningi. Þessi skoðun mín styðst einkum við samanburð við aðra þingstaði sem ég hafði haft tækifæri til að sjá á Íslandi. Guðbrandi fannst hún sennileg, en ekki er mér alveg ljóst hvernig hún samrýmist lýsingu Boga. Að vissu leyti virðist þessi staður geta komið heim við Þingvallaborg hans; en ég get ekki séð hvort hann staðsetur hana norðan eða sunnan við vögin þar sem orð hans "mod Norden af en liden vig" skera ekki úr um þetta. Aftur á móti kæmi til greina að líta á annan stað sem hann nefnir: "nede vid Søen er en liden Höi, omgiven af et Gjerde." Ég get því miður ekki skorið úr um þennan vafa því að ég var ekki með skýrslu Boga við höndina þarna á staðnum; og Árni Thorlacius gefur mjög litlar upplýsingar í þessa átt.

Við héldum áfram ferðinni þegar farið var að kvölda, og á heimleiðinni sáu við stærðar fálka. Við riðum á spretti í Stykkishólm og var vel tekið af gestgjafa okkar. Þar var meðal annarra Holger Clausen, ungi kaupmaðurinn sem ég hafði kynnst í Hofstaðaseli, og skipstjórinn á skipinu sem halda átti úr höfn daginn eftir. Við vorum saman til um klukkan 11 og spjölluðum margt og spauguðum. Ég sat svo við bréfaskriftir til klukkan 2 um nóttina.

Miðvikudaginn 25. ágúst vorum við til hádegis í Stykkishólmi. Við notuðum morguninn til að heimsækja amtmanninn, hávaxinn og myndarlegan mann og formlegan í framkomu en mjög vinsamlegan; einnig lækinn og apótekarann; rætt var um bandorm og fjárkláða, löggjöf og landstjórn, sögur og ljóð. Og svo þurfti að kveðja kaupmennina og sýslumanninn sem var líka að fara, en í aðra átt. Einkum þótti mér athyglisvert að heyra um nýlega tilraun Frakka til að ná fótfestu í landinu. Í Grundarfirði var franskur læknir nýbúinn að kaupa sér jörð í umboði fjölskyldu í Penpous á Bretaníuskaga að því er sagt var. Mönnum leist ekki á þessi kaup því að hvorttveggja var litið hornauga, franskt trúboð og franskar fiskveiðar. En þar sem maðurinn lýsti sig reiðubúinn að hlíta innlendum lögum settu menn sig ekki upp á móti honum.

Aðeins skal hér að lokum minnst á legu Stykkishólms. Eyjar utan við höfnina skýla henni, ekki ósvipað og gerist í Flatey. Landey er mest áberandi að vestan og Súgandisey að austan. Höfnin er að vísu ekki talin sérlega góð eða örugg og er engan veginn vel varin. Grýttar hæðir umlykja hana. Áður voru þær að hluta skógi vaxnar en eru nú alveg gróðurlausar. Staðurinn sjálfur er ennþá lítill, um 10 hús ef ég man rétt, en sum þeirra eru mjög falleg að sjá, enda búa þar amtmaður Vesturamts, sýslumaður Snæfellsnessýslu og læknir suðurhluta Vesturamts (sinnti þá báðum hlutum); einnig er þar apótek amtsins. Þessi staður er ekki nærri eins merkilegur og Akureyri en hann er líka laus við þá spillingu sem þar tíðkast; lífið í Stykkishólmi er ólíkt rólegra eftir því sem ég kynntist því. Og framkoma og móttökur hr. Árna Thorlacius og hinn einlægi áhugi hans á áttthagafræðum orkuðu einkar vel á mig.



Lokrekkjan sem Konrad Maurer svaf í er hann gisti í Norska húsinu.

Norska húsið

Norska Húsið var byggt 1832 af Árna O. Thorlacius (1802-1891) kaupmanni. Það var fyrsta tveggja hæða íbúðarhús á Íslandi. Það var flutt inn frá Noregi. Þar gisti Konrad Maurer daga sína í Stykkishólmi og hangir mynd af honum í svefnherbergi því sem hann notaði. Nú hýsir húsið Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla með yfir 6000 safnmunum.



Ragnar Ásgeirsson.

Upphaf safnsins er rakið til ársins 1956 er Ragnar Ásgeirsson (1895-1973) garðyrkjuráðunautur Búnaðarfélags Íslands hóf söfnun á gömlum munum í Snæfells- og Hnappadalssýslu. Ragnar



Arngrímur Ólafsson sjálfsmýnd gerð 1918.

Ásgeirsson var bróðir Ásgeirs Ásgeirssonar forseta Íslands. Ragnar lauk prófi í dönskum garðyrkjuskóla 1916.


Þá var samtíma honum í Kaupmannahöfn Arngrímur Ólafsson (1889-1964) sem var við listnám þar í borg.

Móðir Arngríms var úr Svarfaðardal og lét skíra son sinn í höfuðið á Arngrími Gíslasyni málara, sem málaði altarisöfluna í Stykkishólmskirkju og fyrr er getið. Arngrímur Ólafsson, sem var listhneigður eins og nafni hans Gíslason, teiknaði árið 1914 mynd af Ragnari Ásgeirssyni. Aftan á myndinni er skrifað að hún sé teiknuð á Garði í Kaupmannahöfn í herbergi Hallgríms Hallgrímssonar.

Bankastjórnir Ragnar Önundarson og Tryggvi Pálsson eiga sama langafann Ásgeir Eypórsson föður Ásgeirs forseta og Ragnars.



Í safninu í Norska húsinu rekst undirritaður á gamlan kunningja, rúgbrauðsskurðarhníf frá Alexanderwerk AG, Remscheid í Þýskalandi sem fyrirtækið Jóh. Ólafsson & Co flutti inn fyrir hartnær hundrað árum. Ljósmynd: Jóhann J. Ólafsson.



Kóngsbakki, mynd eftir Collingwood.



Helgafellskirkja byggð 1903.



Dr. Peter Landau.

Prófessor Peter Landau

Hinn 23. maí 2019 lést í München í Þýskalandi prófessor Dr. jur Dr. jur can h.c. mult Peter Landau 84 ára að aldri. Hann var fæddur í Berlín 26. febrúar 1935. Ekki er þörf að ræða hinn glæsilega vísindalega feril hans hér enda aðgengilegur á vefnum, en síðustu ár sín kenndi hann réttarsögu við Ludwig-Maximilian háskólann í München og var meðlimur í Bæversku vísindaakademíunni eins og Konrad Maurer og Jón Sigurðsson forseti á undan honum. Það eru afskipti Peters Landaus af málum Íslandsvinarins Konrads Maurers sem ég ætla að minnst á hér.

Á 175 ára afmæli Konrads Maurers 29. apríl 1998 voru vígðar í Altem Südlichen Friedhof í München þrjár íslenskar basaltsúlur á gróf hans með áletrun á íslensku og þýsku. Prófessor Peter Landau hélt aðalræðuna klæddur embættisskrúða. Þessi frábæra ræða er prentuð í hinni þýsku útgáfu ferðasögu Maurers, sem kom út 2017.

Eftir athöfnina var móttaka í boði sendiherra Íslands Ingimundar Sigfússonar á nálægum veitingastað. Einnig voru mættir Björn Bjarnason menntamálaráðherra, Dr. Kurt Schier, Árni Björnsson, undirritaður o.fl.



Við afhjúpun minnisvarða um Konrad Maurer á leiði hans í München; Árni Björnsson, Björn Bjarnason, Kurt Schier, Rut Ingólfssdóttir, Valgerður Valsdóttir, Ingimundur Sigfússon og Jóhann J. Ólafsson. Ljósmyndari: Þórarinn Stefánsson.

Það vildi svo til að ég sat til borðs með þeim hjónum Angeliku og Peter Landau.

Þá hafði árið áður Ferðabók Konrads Maurer komið út á íslensku í þýðingu Baldurs Hafstað og dreifði ég henni á staðnum. Við þetta tækifæri lýsti ég þeim draumi mínum að eiga íslensku útgáfu ferðasögunnar og hinnar þýsku á frummálinu hlið við hlið í bókaskáp mínum.

“Þá látum við þann draum rætast” sagði Peter Landau “og gefum ferðasöguna út á þýsku í Þýskalandi.” Tuttugu ár liðu áður en þessi draumur rættist. Margt varð til að teyja verkið. Við Peter Landau áttum marga fundi vegna þessa máls, tvo í bæversku vísindaakademíunni og fleiri með Kurt Schier, Martin Maurer, Wolfgang Maurer föður Martins og Ragnari Finnbogasyni.



Ritnefnd þýsku útgáfunnar; f.v. Jóhann J. Ólafsson, Peter Laundau, Alessia Bauer, Kurt Schier og Martin Maurer. Ljósmynd: Angelika Laundau.

Ritnefndin fundaði tvisvar heima hjá Peter Landau og Angeliku konu hans. Peter Landau gafst aldrei upp á því sem hann nefndi “unser Ziel” markmið okkar. Loks fann Kurt Schier norrænufræðing af ítölsku bergi brotinn Dr. Alessiu Bauer, sem margoft hefur komið til Íslands. Hún vann verkið ásamt dr. Kurt Schier, á vegum norrænudeildar Ludwig-Maximilian háskólans í München þar sem margir viðkomandi höfðu lært, kennt og starfað.



Við afhendingu ferðasögu Konrads Maurer á Bessastöðum; Eliza Reid, Elke Büdenbender, Frank-Walter Steinmeier og Guðni Th. Jóhannesson. Ljósmynd: Gunnar G. Vigfússon.

Heimsókn forseta Þýskalands árið 2019

Þegar forseti Þýskalands Frank-Walter Steinmeier kom hingað í opinbera heimsókn 12.-13. júní sl. ákvað Guðni Th. Jóhannesson forseti vor að gefa honum ferðasögu Maurers í þýsku útgáfunni, "Reise nach Island 1858".

Þetta var vel til fundið og "sló í gegn" eins og Guðni orðaði það. Forseti Þýskalands er doktor í lögum.

Bréfaskriftir Konrads Maurers og Tryggva Gunnarssonar bankastjóra

Bent hefur verið á að í Seðlabanka Íslands voru geymd bréf sem fóru á milli Konrads og Tryggva Gunnarssonar. Síðan hafa þessi bréf verið flutt á Þjóðskjalasafn Íslands og eru þar aðgengileg.

Tryggvi bað Maurer að skrifa minningarorð um Jón Sigurðsson forseta. Það gerði hann með heilli bók 318 bls., sem hann helgaði Jóni Sigurðssyni forseta "Zur politischen Geschichte Islands" 1880. Síðustu 16 síðurnar í bókinni eru eftirmæli um Jón Sigurðsson.

Valgerður Jónsdóttir var fósturdóttur Tryggva Gunnarssonar. Hún giftist Þórhalli Bjarnasyni biskupi. Dóttir þeirra var Dóra Þórhallsdóttir kona Ásgeirs Ásgeirssonar forseta Íslands og amma Tryggva Pálssonar gestgjafa okkar á Kóngsbakka.

Tryggvi Gunnarsson þurfti að hafa íslenska skrifara í Kaupmannahöfn vegna margvíslegrar sýslanar og verslunarreksturs. Einn af þeim var Konráð Maurer Ólafsson (1862-1897) sem skírður var í höfuðið á Konrad Maurer. Faðir hans var Ólafur Ólafsson leiðsögumaður Konrads Maurers í

Íslandsferð hans 1858, en móðir hans var Jarprúður Pétursdóttir frá bænum Steinsstöðum í Reykjavík þar sem Lindargata er núna.

Annar ritari Tryggva í Kaupmannahöfn var Snæbjörn Arnljótsson (1877-1942) Ólafssonar hagfræðings og prests á Sauðanesi á Langanesi. Hann var afi Arnljóts Björnssonar (1934-2004) lagaprófessors og hæstaréttardómara, sem var skyldur Tryggva Pálssyni í gegnum föðurafa Tryggva, sem hann heitir eftir, Tryggva Ófeigssyni (1896-1987) útgerðarmanni.


Dr. Phil. Adeline Rittershaus

Árið 1898 kom til Íslands Adeline Rittershaus (1867-1924) þýsk kona sem giftist Þorleifi H. Bjarnasyni (1863-1935) kennara við Mentaskólann í Reykjavík. Hún hreifst strax að þjóðsögum Jóns Árnasonar og kynnti sér íslenskar þjóðsögur til hins ítrasta. Árið 1902 kom út bók hennar "DIE NEUISLÄNDISCHEN VOLKSMÄRCHEN".

Þau hjón eignuðust eina dóttur sem skírð var Ingibjörg Bjarnason (1901-1978). Foreldrarnir skildu og Ingibjörg fylgdi móður sinni sem fór af landi brott. Ingibjörg var því bróðurdóttir og nafna Ingibjargar H. Bjarnason (1867-1941), fyrstu alþingiskonu Íslendinga.

Ingibjörg var um tíma gift þýskum manni að nafni Stein og varð þekkt meðal módernista í listalífi Parísar á þriðja áratug 20. aldar undir nafninu Ingibjörg Stein-Bjarnason, mikil listakona, sem ferðaðist víða um lönd og lést í Buenos Aires í Argentínu 1978. Flest verk hennar munu hafa glatast þegar heimili hennar var rænt. Vera dóttir hennar var einnig listamaður. Vert væri að kynna sér æviferil og störf þessara merku kvenréttindamæðna nánar.

(Sjá Gunnar Smári Egilsson, "Gleymda konan". Fréttatíminn, 19.-21. júní 2015 bls. 45-46.)



Þýðing Steinars Matthíassonar sem kom út hjá Háskólaútgáfunni 2015



Ný bók eftir Martin Maurer, Fjölskyldusaga Valerie og Konrads Maurers.



Stofnfundur Konrad Maurerfélagsins á Íslandi haldinn 21. febrúar 2019.

Stofnfundur Konrad Maurer-félagsins á Íslandi

Þann 21. febrúar sl. var stofnfundur *Konrad Maurer félagsins á Íslandi* haldinn í Mörkinni 6, Reykjavík. Fundinn sóttu rúmlega 40 manns sem skráðu sig sem stofnendur félagsins. Aðild að félaginu er öllum opin, félagsgjald er ekkert og enn er tækifæri til að skrá sig sem stofnfélaga með því að senda tölvuskeyti á sigurjonp@gmail.com


Hlutverki sínu gegnir félagið einkum með því að:

1. Hafa frumkvæði að og efla rannsóknir og kynningu á verkum Konrads Maurers.
2. Bjóða erlendum fræðimönnum að kynna rannsóknir sínar, afla gagna til þeirra og stuðla að rannsóknum.
3. Gangast fyrir ráðstefnum, umræðufundum, námskeiðum, útgáfu rita og fyrirlestrum um íslenska menningu og verk Konrads Maurers.
4. Hafa samvinnu við innlenda og erlenda aðila, einkum á Norðurlöndum, í Þýskalandi og Bandaríkjunum um hver þau verkefni sem falla undir hlutverk félagsins.
5. Standa fyrir ferðalögum um Ísland þar sem Konrad Maurer ferðaðist í Íslandsheimsókn sinni árið 1858.
6. Stuðla að þýðingu verka Konrads Maurer á aðrar tungur.
7. Rannsaka fræði og störf Konrads Maurer í þeim tilgangi að styrkja íslenska menningu.

Stjórn félagsins skipa: Jóhann J. Ólafsson formaður, Sigurjón Pétursson varaformaður, Katrín Matthíasdóttir gjaldkeri. Varamenn eru Sigrún Gylfadóttir og Vilhjálmur Bjarnason. Félagið verður vistað hjá FÍ sem skipuleggur ferðirnar í fótspor Maurers. Myndir af stofnfundinum má finna á eftirfarandi slóð:

<https://photos.app.goo.gl/qnTqioy3vqsDWcMk7>

Hver var Konrad Maurer og hvert var framlag hans til íslenskrar menningar?



Konrad Maurer (1823-1902). Málverk eftir Knut Bergslien frá árinu 1876.



Konrad Maurer um það leyti sem hann ferðaðist um Ísland.

Fáir eða engir erlendir fræðimenn og „Íslandsvinir“ hafa notið jafnmikillar virðingar meðal Íslendinga og þýski réttarsögufræðingurinn Konrad Maurer. Hans er einkum minnst fyrir rannsóknir sínar í fornorrænum og íslenskum fræðum. Um miðja 20. öld skrifaði [Sigurður Nordal](#) að Maurer hafi verið sá fræðimaður „sem allra erlendra manna fyrr og síðar hefur rannsakað íslenskar fornmenntir af mestri þekkingu og glöggskyggni.“ (*Mannlýsingar*, 3. bindi, Reykjavík 1986, bls. 133). Hver var þessi þjóðverji sem heillaðist af sögu Íslands og íslenskrí menningu? Í hverju fólst gildi verka hans og rannsókna?

Konrad Maurer fæddist 29. apríl 1823 í borginni Frankenthal í suðurhluta Þýskalands. Faðir hans, Georg Ludwig von Maurer (1790-1872), var prófessor í réttarsögu við háskólann í München og um tíma áhrifamaður í stjórnámálum Bæjaralands. Konrad Maurer nam lögfræði og lauk doktorsprófi árið 1845. Tveimur árum síðar varð hann prófessor í þýskum rétti og réttarsögu við Münchenarháskóla og þeirri stöðu gegndi hann allt til ársins 1888. Maurer var kvæntur Valerie von Faulhaber og komust sex barna þeirra á legg. Hann lést í München árið 1902.

Maurer hlaut margar vegtyllur um ævina. Honum var veitt aðalstign í Bæjaralandi og Danakonungur sæmdi hann riddarakrossi Dannebrogssorðunnar. Hann var meðlimur í Vísindaakademíu Bæjaralands, heiðursprófessor við Oslóarháskóla og heiðursfélagi í Hinu íslenska bókmenntafélagi. Einnig var hann heiðursdoktor við háskólana í Edinborg í Skotlandi og Würzburg í Þýskalandi.

Snemma fékk Maurer áhuga á Íslandi, sögu þjóðarinnar og bókmenntum. Hann náði mjög góðum tókum á íslenskri tungu og reyndist sú kunnátta honum dýrmæt þegar hann sótti Ísland heim árið 1858. Í Íslandsferðinni rannsakaði Maurer söguslóðir, safnaði þjóðsögum og lagði sig fram um að kynnast þjóðinni og lífsháttum hennar. Til þess var tekið hversu alþýðlegur og geðþekkur hinn þýski lærdómsmaður var. Maurer eignaðist marga íslenska vini og kunningja. Þar ber hæst vináttu hans og [Jóns Sigurðssonar](#) forseta (1811-1879) sem ekki bar skugga á meðan báðir lifðu. Mátu þeir hvor annan mjög mikils.

Rannsóknir Maurers á norrænni réttarsögu og sögu Íslands spruttu upp af svokallaðri sögustefnu í þýskri lögfræði á 19. öld. Fylgismenn hennar litu svo á að lagasetning ætti sér rætur í þjóðarsögunni eða þjóðarsálinni, eins og oft var sagt. Því væri brýnt að rannsaka ekki einungis hefðbundna réttarsögu heldur einnig bókmenntir fyrri tíma, [þjóðsögur](#) og þjóðkvæði.

Skrif Maurers um norræna réttarsögu voru umfangsmikil. Hann var tvímælalaust einn fremsti fræðimaður á því sviði á 19. öld þótt niðurstöður hans hafi vitaskuld staðist tímans tönn misvel. Enn er oft vitnað í verk hans. Þegar litið er sérstaklega til íslenskra fræða, sögu og bókmennta, má skipta framlagi hans í fjóra þætti. Í fyrsta lagi ritaði hann mikið um [Íslandssögu](#). Í öðru lagi hafði Maurer umtalsverð áhrif á rannsóknir á íslenskum [fornbókmenntum](#). Í þriðja lagi lagði hann gjörva hönd á plóg við [söfnun íslenskra þjóðsagna](#) og útgáfu þeirra. Í fjórða lagi lagðist hann á árar með Íslendingum í [sjálfstæðisbaráttunni](#) og kynnti málstað Íslands í Þýskalandi.

Íslandssaga

Árið 1852 kom út eftir Maurer ritið *Die Entstehung des Isländischen Staates und seiner Vefassung* en það var þýtt á íslensku og gefið út árið 1882 af Hinu íslenska bókmenntafélagi (*Upphaf allsherjarrikis á Íslandi og stjórnskipunar þess*). Með þessu verki lagði Maurer drjúgan skerf af mörkum til rannsókna á [íslenska þjóðveldinu](#). Annað verk sem vert er að nefna er yfirlitsrit um sögu Íslands frá landnámi til endaloka þjóðveldisins 1262 (*Island von seiner Entdeckung bis zum Untergange des Freistaats*), mikið rit sem kom út á þjóðhátíðarárinu 1874. Maurer skrifaði auk þess fjöldann allan af

ritgerðum um íslenska miðaldasögu. Hann þótti afar nákvæmur og vandvirkur í vinnubrögðum og hafði mótandi áhrif á marga fræðimenn, íslenska jafnt sem erlenda.

Íslendingasögur

Á 19. öld voru þýskir fræðimenn brautryðjendur í heimildarýni. Maurer rannsakaði [Íslendingasögur](#) með gagnrýnu hugarfari og efaðist um sannfræði þeirra. Taldi hann að þær væru að mestu leyti höfundaverk en ekki munnmælasögur. Af þessum sökum hefur Maurer stundum verið kallaður upphafsmaður bókfestukenningarinnar, sem svo er nefnd. Andstæð henni er sagnfestukenningin sem felur í sér áherslu á munnlega geymd sagnanna. Bókfestukenningin var lengi ráðandi í rannsóknnum á Íslendingasögum. Meðal þeirra fræðimanna sem fylgdu í fótspor Maurers í þessum efnum voru Björn M. Ólsen (1850-1919) og Sigurður Nordal (1886-1974).

Íslenskar þjóðsögur

Maurer vann brautryðjendaverk í söfnun og útgáfu íslenskra þjóðsagna. Hann skráði margar sögur á ferðalagi sínu um Ísland og eru nokkrar eftirminnilegar frásagnir af því í ferðabókinni (*Íslandsferð 1858*). Ein þeirra sagna sem Maurer skrásetti var Djákninn á Myrká. Sögurnar ásamt greinargerð gaf hann út í heimalandi sínu árið 1860 undir heitinu *Isländische Volkssagen der Gegenwart vorwiegend nach mündlicher Überlieferung gesammelt und verdeutscht* (Þessi bók var gefin út af Háskólaútgáfunni í Reykjavík árið 2015 í þýðingu Steinars Matthiassonar undir nafninu “Íslenskar alþýðusögur á okkar tímum”). Hann hvatti Jón Árnason (1819-1888) til dáða og útvegaði honum útgefanda í Þýskalandi. Þjóðsögur Jóns Árnasonar komu síðan út í Leipzig í tveimur þykkum bindum 1862 og 1864 (*Íslenskar þjóðsögur og æfintýri*, I–II). Framlag Maurers í þessum efnum er ómetanlegt og áhrifa hans sér enn stað því hann er upphafsmaður þeirrar flokkunar á íslenskum þjóðsögum sem enn er stuðst við í meginatriðum.

Sjálfstæðisbaráttan

Maurer skrifaði greinar í þýsk blöð og tímarit um sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Þær voru síðar gefnar út á bók (*Zur politischen Geschichte Islands. Gesammelte Aufsätze*, Leipzig 1880). Maurer setti sjálfstæðisbaráttuna í samhengi við deilu Þjóðverja og Dana um Slésvík og Holstein og tók afstöðu með Íslendingum. Fyrir þá var afar mikilvægt að fá slíkan stuðning frá mikils metnum, erlendum fræðimanni. Jón Sigurðsson birti tvær stjórnmálagreinar Maurers í *Nýjum félagsritum*, þá fyrri 1857, og notaði þær þannig til að stappa stálinu í sitt fólk heima á Íslandi. Í Íslandsferðinni árið eftir varð Maurer þess áskynja að margir höfðu lesið grein hans og voru fyrir bragðið enn fúsari en ella að greiða götu hins erlenda gests í hvívetna.

Konrad Maurer var „fríður sýnum og hinn öldurmannlegasti, ennið hátt og svipmikið, augun snör og fögur.“ Svo var honum lýst af Birni M. Ólsen. Maurer mun hafa verið fáskiptinn í daglegri umgengni og nokkuð þunglyndur einkum á efri árum. En hann var hamhleypta til vinnu og skilaði miklu dagsverki á akri norrænna og íslenskra fræða. Og ekki má vanmeta þátt hans í að vekja áhuga Þjóðverja á Íslandi og íslenskri menningu. Íslendingar hafa fyllstu ástæðu til að halda nafni hans á lofti.

Heimildir, lesefni og myndir

- Harmen Biró, *Konrad Maurers Islandreise im Jahre 1858 - Landnahme und Aufgabe*, Tübingen: Universität Tübingen (doktorsritgerð), 2011.
- Björn M. Olsen, „Konráð Maurer“, *Almanak Hins íslenska þjóðvinafélags*, 24 (1898), bls. 25–31.
- [Konrad Maurer, vefsíða](#). Skoðað 27. apríl 2011.
- Konrad Maurer, *Íslandsferð 1858*, Reykjavík: Ferðafélag Íslands, 1997 (Baldur Hafstað þýddi). Formálar eftir Pál Sigurðsson, Kurt Schier og Árna Björnsson.
- [Konrad Maurer](#) á [Wikipedia](#), þýsku útgáfunni. Skoðað 27. apríl 2011.
- Konrad Maurer, *Íslenskar alþýðusögur*, Háskólaútgáfan 2015.
- Kristján Eldjárn, „Arngrímur málari“, *Iðunn* 1983.
- Páll Sigurðsson, „Sögustefnan og Konrad Maurer“, *Úlfjótur* 28 (1973), bls. 3–42. (Hér er að finna ítarlega ritaskrá Maurers).
- Gunnar Smári Egilsson, „Gleymda konan“. *Fréttatíminn*, 19.-21. júní 2015 bls. 45-46.
- Mynd: [Konrad Maurer](#) á [Wikipedia](#), þýsku útgáfunni. Sótt 29. apríl 2011.
- Málverkið af Konrad Maurer hér að framan er málað af Knut Bergslien árið 1876 og er í eigu Háskólans í Ósló og skreytir lagadeild þess skóla.

Vefslóðir

https://en.wikipedia.org/wiki/Konrad_Maurer

<https://skemman.is/handle/1946/20342>

<http://www.ruv.is/frett/a-slodum-konrad-maurer>

https://books.google.is/books?id=62p6BgAAQBAJ&pg=PA51&lpg=PA51&dq=Konrad+Maurer&source=bl&ots=9_vFXUlw8i&sig=ZOE6_TsA9B4PxGW3Sali1A5NgBo&hl=en&sa=X&ved=0ahUKEwjvKHN24bVAhUCZFAKHZHeAak4FBD0AQghMAA#v=onepage&q=Konrad%20Maurer&f=false

https://www.youtube.com/watch?v=6Ka9Q2SC_O0

<https://konrad-maurer.de/konrad-maurers-leben-und-werk/maurer-und-island/>